

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

5901-004-MIN-001-V01

DAGS.

11.12.2018

SENDANDI

Snævarr Örn Georgsson

VERKHEITI

Hólsvirkjun

VERKKAUPI

Arctic Hydro

DREIFING

Skírtnir Sigurbjörnsson, Arctic Hydro

MÁLEFNI

Hólsvirkjun – endurheimt votlendis

Mat á umhverfisáhrifum

Í umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu Hólsvirkjunar kom fram sú krafa að framkvæmdaraðili endurheimti votlendi sem mótvægisáðgerð við þeirri röskun á votlendi sem að verður af völdum framkvæmda. Í álitinu frá 11. júní 2018 tók Skipulagsstofnun undir þessa kröfu og telur nauðsynlegt að binda framkvæmdaleyfi eftirfarandi skilyrði:

„Endurheimta þarf votlendi sömu stærðar og það sem þarf að skerða vegna Hólsvirkjunar. Nauðsynlegt er að hafa samráð við Umhverfisstofnun um útreikninga á áhrifum framkvæmda á skerðingu votlendis áður en ráðist er í endurheimt.“

Endurheimt votlendis

Arctic Hydro mun standa fyrir endurheimt votlendis til samræmis við það votlendi sem skerðist vegna framkvæmda við Hólsvirkjun. Samhliða gróðurvöktun að framkvæmdum loknum mun óháður sérfræðingur kanna umfang þess votlendis sem skertist við framkvæmdir og í framhaldi af því verður haft samráð við Umhverfisstofnun og stuðst við leiðbeiningar stofnunarinnar um mat á röskun/endurheimt votlendis frá janúar 2006 við að meta umfang þess votlendis sem þarf að endurheimta.

Leiðbeingarnar er að finna undir slóðinni: http://eldri.ust.is/media/fraedsluefni/Leidbeiningar_um_roskun_-_endurheimt_votlendis.pdf

Fyrir hönd EFLU,



Snævarr Örn Georgsson